

Einar Hákonarson á Kjarvalsstöðum

Einn af framsæknustu listamönnum okkar, og einn þeirra dugmestu, er Einar Hákonarson. Hann hefur þegar haldið margar einkasýningar á verkum sínum, og ekki man ég á þessari stundu, hve margar þær eru orðnar. Hann hefur einnig átt mikið við grafík, en engar slíkar myndir eru á þeirri sýningu, sem hann hefur nú efnt til á Kjarvalsstöðum. Ég get ekki annað en saknað þessa þáttar í starfsemi Einars, en að mínum dómi er margt það besta, er hann hefur gert, einmitt á grafíska sviðinu. Það vekur því nokkra furðu, að hann skuli ekki eiga verk á þeirri sýningu, sem Danir keppast við að bera lof á einmitt þessa daga. En það er margt skrítið í listmálum á stundum. Ekki meir um það.

Snúum okkur að núverandi sýningu Einars Hákonarsonar: Það eru tæp 70 málverk á þessari sýningu, bæði stór og smá. Allt eru það olíumálverk, sum frá fyrri árum, önnur beint af trönum. Eins og mörgum er kunnugt, er Einar feiknalega vinnusamur og leggur hönd á margt. Að undanförunu hefur hann lagt mikla vinnu í skólahald og svona millum mála hefur hann verið að koma yfir sig húsnæði. Ekki er þörf á að segja meir; þeir, sem til þess háttar

þekkja, vita vel hvern tíma slíkar framkvæmdir taka. Það mætti með sanni segja, að það séu einnig athafnamenn innan raða listamanna, og ef nokkur þeirra á það heiti skilið, er það Einar Hákonarson.

Ekki veit ég fyllilega ástæðuna fyrir, að mér leist miklu betur yfirleitt á minni myndir Einars. Það er eins og hann ráði betur við litlar stærðir og nái

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

meiru samhengi í lit og form heldur en þegar hann malar í miklum stærðum og ætlar að segja mikla sögu. En verkefni úr sögum vorum fornur eru snar þáttur í listsköpun Einars. Sum

þessara verka eru á sýningu Einars að Kjarvalsstöðum. Sveikurnar að verkum Einars má víða finna. Hann hefur næmt auga fyrir umhverfi og mannlífi, uppstillingar og blóm eiga einnig tök í honum og ekki skulum við láta ótalið landslagið, bæði eitt og sér og svo sem bakgrunnur margra verka. Af þessu sér maður, að Einar leitar verkefna víða, og á stundum fer hann nokkuð fljótt yfir. Manni dettur stundum í hug, að hann hafi komist í tímahrak, eins og okkar bestu skákmenn gera stundum í útlöndum. Sem sagt í fáum orðum: Þessi sýning er að mínu mati besta sýning, sem Einar hefur haldið hingað til, en hún er mjög misjöfn að gæðum, og það er eins og áður hefur komið í ljós, að teikning virðist miklu sterkari hlið Einars Hákonarsonar en litameðferð. Það hafa ekki orðið veigamiklar breytingar í list Einars, frá því er hann sýndi seinast. Samt vil ég vekja eftirtekt á því, að hann hefur málað nokkrar myndir í jarðlitum einum og virðist hafa fundið þar verðugt verkefni, sem hann á vafalítið eftir að rækta meira, og ég fagna því, að hann hefur komist inn á þessa braut.

Ég ætla að nefna nokkur verk, sem mér fundust vera sterkustu stóðir þessarar sýningar á Kjarvalsstöðum: No. 8 skemmtileg uppstilling, No. 23 vel byggð og hljómar sannfærandi. No. 38 Sumarstúlka, sem mér fannst ein besta mynd á þessari sýningu. Einnig nefni ég No. 43, 48, 51, 60 og sjálfmynd No. 64, sem ég hafði gaman að. Þetta er í heild sýning, sem á það til að vera nokkuð snögg í lit, en hún er lifandi og hress, og það, sem nær á manni tökum, skilur skemmtilega tilfinningu eftir



Konan í garðinum.

hjá þeim, er þessum verkum kynnað.

Einar Hákonarson afþakkaði umfjöllun Sjónvarpsins á sýningu sinni. Það voru ágætarsendur, er hann nefndi fyrir því. Mig langar til að styðja mál hans aðeins með því að bæta hér í lokin við smávegis, sem ég sé enga ástæðu til að fara leynt með. Hér í borg hefur hópur listamanna, sem kallar sig SEPTEM haldið 7 sýningar á verkum sínum undanfarið 7 ár. Í þessum hóp eru margir þekktustu málara landsins og engir nýgræðingar, sumir hverjir búnir að starfa fast að 50 árum að list sinni og aðrir enn lengur.

Sigurjón Ólafsson myndhöggvari er einn úr hópunum, Þorvaldur Skúlason annar. Í þessi sjö ár hefur menningarþáttur verið starfandi í sjónvarpi og kallast VAKA, og hér kemur rúsinan í pylsuendanum. Ekki eitt aukatekið orð hefur komið í þessum þætti um sýningar þessa hóps, en ýmislegt annað, sem maður man ekki einu sinni nöfnin á verið rækilega rétt og skoðað. En SEPTEM stundar ekki rallakstur og heldur ekki hestamennsku eins og Einar Hákonarson komst svo vel að orði.

Til hamingju með fyrirtækið og óskir um góðan árangur.

Sígild saga

Ragnheiður Jónsdóttir: Dóra Saga fyrir unglinga Iðunn Reykjavík 1979.

Það eru nokkrir áratugir síðan unglingar á Íslandi biðu með óþreyju eftir hverri nýrri bók, sem Ragnheiður Jónsdóttir sendi frá sér. Nú hfur Iðunn gefið út fyrstu bókin í þeim bókaflokki Ragnheiðar er nefndar eru Dórubækurnar, sem mig minnr að séu 7 að tölu. Ragnheiður var afkastamikil og um leið vandaður og vinsæll höfundur. Í bókum hennar koma fram flestir þeir kostir er gera bók þess virði að lesa hana og muna. Að mínu viti voru stærstu eiginleikar hennar sem höfundar, hve vel henni tókst að vekja lesendur til hugsunar um að ungar sálir eru í þörf fyrir hið frjóa líf, sem aðeins er til þar sem firring og einmanaleiki rúmast ekki í hverju horni. Og hve varfærnum höndum hún fer um þessar sálir um leið og hún fylgir þeim gætum augum.

Það eru ekki margar bækur, sem skrifaðar voru fyrir rúmum þrjátíu árum sem ná til ungra lesenda nú — þó er það til. Bókin Dóra er í sendibréfaformi og gerist á stríðsárunum í

Reykjavík. Dóra, 12 ára telpa skrifar öll þessi bréf til bestu vinkonu sinnar Ellu, sem dvelur í sveitinni, vetrarlangt hjá ömmu sinni og afa. Allt líf Dóru þennan vetur kemur fram í frásögn hennar til Ellu. Um leið kynnist lesandi foreldrum hennar, heimili og öllum lífsháttum þar. Svo og öllu því fólki sem á einhvern hátt samfléttast lífi Dóru. Drengur eru upp margar þjódfélagsmyndir án þess að höfundur setji þær skyndilega fram. Þær koma, óljósar í fyrstu,

Bókmenntir

eftir JENNU JENSDÓTTUR

eru bara þarna en skýrast smám saman svo að í sögulokin verða þær að mínu mati ásæknar í hug lesenda og gera honum kleift að greina kjarnann frá hisminu án erfiðis. Styrkur sögunnar er sá, að þetta gerist eins og höfundur ómeðvitað og því kemur það fram á þennan heiðarlega einlæga máta. Foreldrar Dóru eru ríkir og hún er einbirni, sem veitist allt sem hægt er að fá fyrir peninga. En andlegt samband hennar við foreldrana er ekki á sama veg.

— — —. Við hvern ætti ég að tala um allt sem mér dettur í hug, og allt sem mig langar til að gera? Pabbi hefur ekki tíma til að hlusta á mig og mamma skilur mig ekki — — —.

Af bréfum Dóru sést hve mjög hún er í þörf fyrir frjórra líf en finnst á heimili hennar. Hún og Vala Gísla sem er orðin þrettán ára, dragast smám saman hvor að annarri. Vala er fátæk, býr í skúr og á mörg systkini. Hjá Völu og fjölskyldu hennar finnur Dóra æ betur þá lífsfyllingu er hún ósjálf-rátt leitar eftir. Og þar opinberast henni mörg lífssnindi, sem hún

hefur ekki gert sér grein fyrir áður. Ungi pilturinn, Kári bróðir Völu verður annað og meira en bara ungur piltur í huga Dóru er hún kynnist honum.

Bréfaskrifir Dóru til Ellu enda er vorar. Margt er bóuð að drífa á daga hennar um veturinn og snilldarlega er það opinberað í bréfsformi.

Hvergi held ég að hægt sé að finna betur hið innra starf skólans, frá þessum tímum, séd með augum nemenda en einmitt í Dórubréfunum. Eins og ég gat um í byrjun hafa áratugir liðið síðan þessi bók var rituð. Og margt hefur breytt, en sá meginþráður gófugs mannlífs sem liggur í gegnum tilveruna er ofinn af mannviti í þessa bók — og því er hún ekki aðeins holl lesning börnum nú, heldur einnig skemmtileg. Og mín trú er sú að á öllum tímum hljóti slík lesning að höfða til barna og unglinga.

Myndir þykja mér sérlega skemmtilegar, og frágangur bókarrinnar allur með ágætum, eins og sagan sjálf.

Látæði veraldarinnar

Guðmundur Gíslason Hagalín: BLÍTT LÆTUR VERÖLDIN. Skáldsaga. Almenna bókafélagið 1979.

BLÍTT lætur veröldin hefur nokkra sérstöðu meðal skáldsagna Guðmundar Gíslasonar Hagalíns. Í sögunni segir frá dreng úr sjávarþorpi og stúlku úr Reykjavík sem hittast á sveitaheimili uppi í aðal. Drengurinn er sakleysið sjálf, saknar móður sinnar og leitar hlýju hjá kúnni Stórhrynu. Stúlkan er lífsreynðari, enda eldri og á sér óvissa fortíð.

Það er stúlkan sem í upphafi sögunnar freistar þess að rjúfa einmanaleik drengsins, verða vinur hans. Sú tilraun verður ekki átakalaus. Drengurinn er ekki við því búinn að hverfa frá móður-ímynd sinni kúnni og stofna til

Undir þunga Dönsk játningasaga

Bente Clod: Uppgjör. Manneskja í mótun. Skáldsaga. Álfrheiður Kjartansdóttir býddi. Iðunn 1979.

Í minningaskáldsögu sinni Uppgjöri vikur Bente Clod að fyrimyndum sínum í ritlist. Meðal þeirra eru Simone de Beauvoir, Laurence Durrell og Suzanne Brögger. Það er landi hennar, Brögger, sem kemur henni í skilning um að ástæðu sé að lesa heimspekinga sem skrifa um ást en virðast ástlausir. Herbert Marcuse fær þá einkunn hjá Brögger að hann „virðist kynlaus, vegna þess að hann hugsar vérlænt“.

Vegur Marcuse var hvað mestur í maí 1968 eins og Clod bendir á.

Hún á ritsafn hans í hillunum hjá sér, en hefur þrátt fyrir góðan vilja ekki tekist að tileinka sér kenningar hans. „Marcuse hvarf aftur eins og brotareglurnar hurfu á sínum tíma út úr kollinum á mér“.

Ég hygg að þetta segi töluvert um rithöfundinn Bente Clod. Hún er að vísu barn þeirrar uppreisnar gegn kerfi og sambúðarhugmy sem hvað mest hefur verið áberandi að undanförunu. En hún er trú eigin tilfinningum og ákaflega heiðarlegur höfundur.

Til þess að átta sig á Uppgjöri er nauðsynlegt að vita eitthvað um höfunda eins og Suzanne Brögger sem Bente Clod hefur lært mikið af. Einnig þykir mér hún hafa að mörgu leyti svipaða afstöðu og Christian Kampmann



Ragnheiður Jónsdóttir.